

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 1. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-18/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 28. febrúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 13. mars. Með bréfi, dags. 15. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og fékk frest til þess til 29. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 15. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgja kemur fram að hinn 27. ágúst 2012 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.140.000. Á sama tíma seldi álitsbeiðandi nefndum seljanda aðra bifreið fyrir nokkuð hærri fjárhæð og greiddi nefndur seljandi mismuninn með láni. Bifreiðin xx-000 er af gerðinni Audi A6, árgerð 2001, fyrst skráð hinn 1. febrúar 2001 og hafði verið ekið 168.000 km á kaupdegi.

Álitsbeiðandi rekur að síðla sumars 2012 hafi hann ákveðið að selja bifreið sína, en hún var af gerðinni Honda Accord, árgerð 2007. Hafi hann haft bifreið sína til sýnis á bifreiðasölu Z. Starfsmaður bifreiðasölu hafi síðan hringt í hann og tjáð honum að hjá sér væri maður sem hefði áhuga á að kaupa bifreiðina og greiða fyrir hana með pening og annarri bifreið. Var þar kominn nefndur seljandi og áðurnefnd Audi bifreið. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður bifreiðasölu hafi fullyrt að bifreiðin væri fjórhjóladrifin, þ.e. „Quattro“, og því góð söluvara. Álitsbeiðandi segist hafa mætt til bifreiðasalans og prófað umrædda Audi bifreið. Hafi hann strax séð að eitthvað athugasemdvært var við mælaborð bifreiðarinnar og gert þá athugasemd að kaupin gætu gengið í gegn, ef gert væri við mælana, enda væri að koma haust og fjórhjóladrifnir bílar seljist vel á þeim árstíma.

Segir álitsbeiðandi að seinna sama dag hafi bifreiðasalan hringt aftur í hann og sagt honum að viðgerð væri frágengin á Audi bifreiðinni og allt klárt. Segist álitsbeiðandi þá hafa gefið grænt ljós á að kaupin gengju í gegn. Álitsbeiðandi hafi jafnframt beðið bifreiðasölu um að hafa bifreiðina áfram á sölu, þar sem hann hafi ekki haft hug á að eiga bifreiðina sjálfur. Fljótlega eftir þetta, þegar áhugasamir kaupendur að bifreiðinni hafi síðan skoðað hana, hafi komið í ljós að ekki hafði verið gert við mælaborð bifreiðarinnar, né heldur var bifreiðin fjórhjóladrifin líkt og komið hafði fram í kaupsamningi og afsali.

Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið ósáttur þegar honum varð ljóst ástand bifreiðarinnar og farið fram á það við bifreiðasölu að þeir næðu sambandi við seljanda, sem þeir gátu ekki. Loks hafi álitsbeiðandi náð sambandi við seljanda og hitt hann á fundi á bifreiðasölu í nóvember 2012. Álitsbeiðandi segir að á þeim fundi hafi seljandi reynt að kenna sér um að mælaborð bifreiðarinnar væri bilað, sem ekki hafi getað staðist. Þá hafi seljandi ekkert vilja

tjá sig varðandi fjórhjóladrifið. Kveðst álitseiddandi hafa stungið upp á ýmsum leiðum til að ná sáttum, en seljandi ekki fallist á þær leiðir, heldur aðeins viljað láta senda mælaborð bifreiðarinnar erlendis til viðgerða, sem var og gert. Þegar mælaborðið hafi skilað sér aftur um miðjan febrúar 2013, hafi það enn verið bilað.

Álitseiddanda segir að honum þyki illt að þurfa að standa í þessum vandræðum sérstaklega í ljósi þess að kaupin hafi farið fram í gegnum bifreiðasölu, sem hafi fengið kr. 100.000 í sölulaun. Krefst álitseiddandi þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna þeirra röngu upplýsinga sem gefnar voru um bifreiðina við kaupin og vegna þess að mælaborð bifreiðarinnar hafi verið bilað.

Meðfylgjandi álitseiddni eru kaupsamningar og afsöl vegna kaupanna, dags. 27. ágúst 2012 og reikningur frá A, dags. 22. febrúar 2013, fyrir kaupum á nýju mælaborði að fjárhæð kr. 61.999.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er það rakið að bifreiðin sem hann seldi álitseiddanda var ekki auglýst til sölu, heldur gekk hún upp í kaupverð bifreiðar þeirra sem seljandi keypti af álitseiddanda. Hafi bifreiðasalan Z annast viðskiptin og séð um alla skjalagerð. Segist álitseiddandi aldrei hafa látið hafa eftir sér að bifreiðin sum um er deilt væri fjórhjóladrifin eða af undirtegundinni „Quattro“, enda beri bifreiðin á engan hátt með sér að hún sé með fjórhjóladrifi og af umræddri undirtegund. Audi bifreiðar sem séu svo búnar séu að jafnaði merktar í bak og fyrir um búnað sinn. Þá sé þess sérstaklega getið í hurðafalsi og handbókum slíkra bifreiða. Eins komi ekkert fram í skráningarskírteini bifreiðarinnar um að hún sé fjórhjóladrifin eða „Quattro“. Kveðst seljandi ekki skilja hvernig orðið „Quattro“ rataði inn í kaupsamning og afsal bifreiðarinnar. Hann hafi verið í góðri trú og hafi treyst bifreiðasöluinni fyrir sölu bifreiðarinnar enda íslenskunnáttu hans af skornum skammti og þekking í bifreiðaviðskiptum verulega takmörkuð. Telur seljandi að bifreiðasalan hafi brugðist sér í málinu og vanrækt þær skyldur sem á henni hvíla skv. IV. kafla laga nr. 28/1998 um verslunarátvinnu.

Seljandi rekur því næst að þrátt fyrir framanrakta vanrækslu bifreiðasöluinnar sé það mat hans að álitseiddandi hafi ekki sinnt skoðunarskyldu sinni, sbr. 20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Eins og áður var rakið séu fjórhjóladrifnar Audi bifreiðar sérstaklega merktar í bak og fyrir og auk þess ætti það ekki að fara á milli mála í prufuakstri hvort bifreið sé fjórhjóladrifin eða ekki. Eins hafi skráningarskírteini bifreiðarinnar fylgt kaupsamningi og afsali fyrir kaupunum, en þar komi fram að bifreiðin sé hefðbundin Audi A6, en ekki af tegundinni „Quattro“. Hefði kaupanda því mátt vera ljóst að bifreiðin væri ekki fjórhjóladrifin.

Seljandi fjallar næst um mælaborð bifreiðarinnar. Segir hann að álitseiddandi hafi vitað af biluninni þegar kaupin fóru fram og ekki gert athugasemd við hana. Því hafi kaupin gengið í gegn. Ekki hafi staðið á seljanda að setta málið hvað þetta varði, en hins vegar telur seljandi að álitseiddanda hafi hvorki tekist að sanna um hvers konar bilun sé að ræða á mælaborðinu, né hvert tjón hans hafi orðið vegna hennar.

Þá vísar seljandi einnig til þess að álitseiddanda hafi ekki tekist að sýna fram á það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna þess að bifreiðin reyndist ekki fjórhjóladrifin. Segir seljandi að samkvæmt sinni athugun sé óverulegur munur á matsverði 12 ára gamalla Audi bifreiða eftir því hvort þær eru fram- eða fjórhjóladrifnar.

Með vísan til alls framangreinds hafnar seljandi öllum kröfum álitseiddanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 27. ágúst 2012 fyrir kr. 1.140.000. Bifreiðin er árgerð 2001 og fyrsti skráningardagur hennar 1. febrúar 2001. Bifreiðin var því rúmlega 11 ára og 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 168.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Álitsbeiðandi hefur gert þær kröfur að seljandi greiði sér skaðabætur. Annarsvegar vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir þar sem bifreiðin var ekki fjórhjóladrifin, líkt og kom fram í kaupsamningi og afsali. Hinsvegar vegna þess að mælaborð bifreiðarinnar var gallað. Seljandi hefur hafnað þessum kröfum í fyrsta lagi með því að benda á að í skráningarskírteini bifreiðarinnar komi ekkert fram um að hún sé fjórhjóladrifin, né megi ráða slíkt af útliti bifreiðarinnar eða merkingum, en alla jafna séu fjórhjóladrifnar bifreiðar af umræddri tegund vel merktar. Að síðustu hefur seljandi hafnað kröfum álitsbeiðanda vegna mælaborðs bifreiðarinnar á þeim forsendum að álitsbeiðandi hafi vitað af biluninni við kaupin og ekki gert athugasemd við hana og að eins hafi hann ekki sýnt fram ástæður bilunarinnar eða þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna hennar.

Kærunefndin vill taka fram að þótt skráningarskírteini bifreiðarinnar kunni að hafa legið frammi við kaupin, eða fjórhjóladrifnar bifreiðar af umræddri tegund almennt sérstaklega merktar þar um, en kærunefndin tekur ekki sérstaklega afstöðu til þess, breyti það ekki því að í kaupsamningi og afsali eru beinlínis rangar upplýsingar gefnar um bifreiðina, en þar kemur fram að hún sé af undirgerðinni „Quattro“, þ.e. fjórhjóladrifin, en það er bifreiðin sannarlega ekki. Seljandi var eigandi bifreiðarinnar og hefði honum því átt að vera kunnugt um að réttar upplýsingar um undirtegund og drif bifreiðarinnar væri að finna í skráningarskírteininu og hefði því átt að fara eftir þeim upplýsingum við gerð kaupsamningsins og afsalsins. Þá verður ekki annað ályktað en að seljandi hafi sjálfur ritað undir kaupsamning og afsal, án þess að gera athugasemdir við, eða benda á, þær röngu upplýsingar sem þar komu fram. Að mati kærunefndarinnar verður ekki annað sagt en að umræddar upplýsingar í kaupsamningi og afsali hafi verið til þess fallnar að blekkja álitsbeiðanda.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 27. ágúst 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Vegna laga um neytendakaup nr. 48/2003 er bent á að bifreiðasalinn er aðeins milliliður í viðskiptunum og er ekki samábyrgur seljandanum vegna skyldna hans.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Fyrr er rakið að rangar upplýsingar um undirtegund bifreiðarinnar, og þar með hvort bifreiðin var fjórhjóladrifin eða ekki, hafi verið til þess fallnar að blekkja álitsbeiðanda. Samkvæmt því er það mat kærunefndarinnar að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Hvað varðar áðurnefnda bilun í mælaborði bifreiðarinnar, heldur seljandi því fram að álitsbeiðandi hafi vitað af biluninni við kaupin og ekki gert athugasemd við hana. Þessari fullyrðingu seljanda hefur álitsbeiðandi ekki mótmælt, þrátt fyrir að hafa fengið til þess tækifæri. Stendur því orð gegn orði um téða bilun, en fyrirbyggjandi gögn í málinu gefa ekki vísbendingar um þennan hluta málsins. Getur kærunefndin því ekki tekið afstöðu til kröfu álitsbeiðanda hvað þennan hluta málsins varðar.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur samkvæmt 33. gr. laganna. Telur kærunefndin, þrátt fyrir athugasemdir seljanda þar að lútandi, að endursöluverð bifreiðarinnar verði eitthvað lægra af þeim sökum að hún er ekki fjórhjóladrifin og að álitsbeiðandi verði fyrir einhverju tjóni vegna þess sem seljanda bifreiðarinnar beri að bæta honum. Hafa ber í huga að þegar um þetta gamla bifreið er að ræða ræðst endursöluverð hennar ekki nema að ákveðnu marki að því hvort hún sé fjórhjóladrifin eða ekki, heldur skiptir notkun og meðferð bifreiðarinnar verulegu máli. Í þessu tilviki verður þannig að meta bæturnar að álitum og niðurstaða kærunefndarinnar er sú að hæfilegar bætur til handa álitsbeiðanda séu kr. 100.000.

Svo sem fram er komið fóru kaup á bifreiðinni xx-000 fram í gegnum bifreiðasölu. Í málsatvikalýsingu álitsbeiðanda kemur fram að bifreiðasalinn hafi tjáð honum að umrædd bifreið væri fjórhjóladrifin, þ.e. „Quattro“. Samkvæmt málsatvikalýsingu seljanda mun seljandi aldrei hafa haldið því fram að bifreiðin væri fjórhjóladrifin og telur seljandi að þær upplýsingar stafi frá bifreiðasalanum. Eins deildu aðilar máls um mælaborð bifreiðarinnar og hvort samið hefði verið um að seljandi léti framkvæma viðgerð á mælaborðinu, líkt á álitsbeiðandi hélt fram, eða hvort álitsbeiðandi hafi vita af ástandi mælaborðsins og ekki gert athugasemdir við það, líkt og seljandi heldur fram.

Af þessu tilefni telur kærunefndin rétt að benda á að í 14.-16. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu er kveðið á um skyldur bifreiðasala. Í 14. gr. laganna segir eftirfarandi:

„Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

[...] Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. [...]"

Í 15. gr. sömu laga segir síðan m.a.:

„Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. [...]"

Sé rétt, svo sem seljandi bifreiðarinnar heldur fram, að upplýsingar um bifreiðin hafi verið fjórhjóladrifin, stafi eingöngu frá bifreiðasalanum, verður að telja að bifreiðasalinn hafi brugðist að einhverju leyti þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt 14. gr. áðurnefndra laga. Að sama skapi verður að telja óheppilegt að ekki hafi komið fram upplýsingar um ástand mælaborðs bifreiðarinnar í kaupsamningi og afsali, en fullt tilefni virðist hafa verið til þess að bifreiðasali færði inn upplýsingar um mælaborð bifreiðarinnar, hvort heldur sem frásögn álitsbeiðanda eða seljanda um ástand mælaborðsins er rétt. Hefði slíkt verið til samræmis við skyldur bifreiðasala skv. 15. gr. laganna. Kærunefndin telur þó rétt að benda á að í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni xx-000 sagði orðrétt: „Vegna laga um neytendakaup nr. 48/2003 er bent á að bifreiðasalinn er aðeins milliliður í viðskiptunum og er ekki samábyrgur seljandanum vegna skyldna hans.“ Hefur bifreiðasalinn með fyrirvara þessum því undanskilið sig ábyrgð gagnvart kaupanda á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Það breytir þó ekki því að bifreiðasala ber ávallt skylda til að uppfylla skyldur sínar skv. ákvæðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu og geri bifreiðasali það ekki getur hann þurft að sæta refsingu skv. 24. gr. sömu laga.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir